

Í SKUGGA HELVÍTIS

Það þykja, sem von er, verið hafa mikil tíðindi, þegar það var uppgötvað, að hnettirnir í himingeimnum eru, þrátt fyrir órafjarlægðirnar á milli þeirra, tengdir þannig, að hreyfingar þeirra stjórnast af þeim tengdum. En nú má vita, að samband er ekki einungis milli hins líflausa efnis í stjörnunum, heldur einnig milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum. Liggur þá sá skilningur nærri, að lífsamband á einhverri jarðstjörnu geti verið við illa staði eða góða, og að ekki standi á sama, hvort er, enda augljóst, að mjög áriðandi hlýtur að vera, að lífsamband jarðstjörnu sé til betri lífstöðva, en ekki verri. En ekki þarf lengi að spyrja, hvernig þessu muni vera varið á vorri jörð; svo greinilega er það skuggi frá verri lífstöðvum, slíkum sem rétt væri að nefna helvíti, er grúfir yfir jörðu vorri. Aldrei hefir mannlegt bøl náð öðru eins hámarki og á þessum síðustu árum, þegar ýmskonar menning hafði þó komist á það stig, að lifa mátti farsællegar en nokkru sinni áður. Það er því engin furða, þó að ýmsir hinir vitrustu menn séu bölsýnir mjög og uggandi um, að í vændum kunni að vera heimsstyrjöld enn, og að vísu ennþá ógurlegri en þær sem á undan eru gengnar. (En sé mönnum kunnugt um náttúrulögmál, sem ég studdist við, er ég sagði fyrir heimsstyrjöldina síðustu, þá má segja þetta fyrir alveg með vissu). Og ekki þarf að efa, til hvers dregur. Það eru ekki neinir englavængir, sem yfir jörðu vorri svífa nú — ef menn vildu tákna hið góða lífsamband þannig —. En hugmyndin um vængi liggur nokkuð nærri.

Ég var að líta á hryllilega mynd frá Indlandi. Þarna lá fólk, sem drepið hafði verið í götuóeirðum, vegna þess eins, að sumir trúðu þar á Múhammed, en aðrir ekki. En á görð-

um og lágum húsum í kring sat sægur af stórum hrægömmum. En fyrir skammri stundu höfðu þeir svifið þarna yfir á breiðum vængjum. Og hvað þeir höfðu hafst að, var auðvelt að sjá, þegar myndin var virt fyrir sér nánar. Hinir dauðu líkamir þessa ógæfusama fólks voru sundurslitnir af goggum gammanna, og hálfétnir, en í grein þeirri, sem myndinni fylgir, segir að þessir viðbjóðslegu fuglar hafi, fyrir fylli, varla getað lyft sér til flugs, til að komast þangað sem þeir sátu. Og þetta er hálfu öðru ári eftir að styrjöldinni miklu lauk. Og úr öllum áttum fréttum vér enn um manndráp, morð og meiðingar, þó að friður eigi að heita.

Hversu mjög ólíkt þetta er því sem þyrfti að vera, og mundi vera á jörð, þar sem hin góða stefnan hefði sigrað. En mun hún sigra hér á jörðu? Mun voru mannkyni auðnast að gerast aðili í þessu lífsbandi alheimsins, sem er hið svo óumræðilega stórkostlega markmið sköpunarverksins?

Það verður ekki annað sagt, en að horfurnar eru ennþá dapurlegar. Það virðist vera svo lítið ennþá um skilning á því, hvert er markmið tilverunnar, og jafnvel víða meir en efast um, að um nokkurt markmið geti verið að ræða. Og að vísu er voru mannkyni alveg sérstaklega óhægt um að taka þá leið, sem fara verður, til þess að komast á braut hins sigursæla lífs. Því að til þess þarf mönnum að lærast ekkert minna en það, að meta sannleikann meir en hégóma, lygi og villu. En það hefir verið svo erfitt, og veldur þar mestu um, að það hafa svo sjaldan, og jafnvel ef til vill aldrei, verið hinir miklu menn þjóðfélaganna, sem voru flytjendur þess sannleika, sem mest reið á að meta rétt.